



Byggðastofnun
Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 127/1920
komudagur 15.4.2002

Dagsetning 12.4.2002

Samgöngunefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um ferðaþjónustu á norðausturhorni Íslands, 199. mál.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif frumvarpsins á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun telur æskilegt að vinna með skipulegum hætti að uppbyggingu ferðaþjónustu á norðausturhorni landsins. Byggð á þessu svæði hefur átt í vök að verjast að undanfögnu, en Norðausturland hefur upp á marga góða kosti að bjóða eins og bent er á í greinargerð. Bættar samgöngur myndu án efa gera þetta svæði fýsilegra til ferðalaga. Stofnunin hefur ekki lagt mat á þá hugmynd að gera hluta þessa svæðis að þjóðgarði, en telur æskilegt að ákvarðanir um þjóðgarða séu teknar með samræmdum hætti t.d. hliðstætt og unnið er varðandi rammaáætlun um virkjanir.

Virðingarfyllt

Dr. Bjarki Jóhannesson
forstöðumaður Próunarsviðs
Byggðastofnunar

Guðmundur Guðmundsson
ráðgjafi á Próunarsviði Byggðastofnunar